

Minnisblað

Dags: 12.04.2021

Efni: Greiðslur til íþróttafélaga vegna fjármuna ríkisins til íþróttahreyfingarinnar til að mæta áhrifum Covid-19.

Málsnúmer: 2020040054

Höfundur: Ellert Örn Erlingsson forstöðumaður íþróttamála

Ritað fyrir: Frístundaráð



AKUREYRARBÆR
Samfélagssvið

Eftirfarandi samantekt er unnin af heimasíðu og úr tölvupóstum frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí).

Samantektin sýnir greiðslur til aðildarfélaga ÍBA vegna þessara aðgerða ÍSí og ríkisins.

Almennar aðgerðir (2x 300millj.)

Á vormánuðum 2020 gerði mennta- og menningarmálaráðherra samning við ÍSí um að allt að 450 milljónir króna yrði varið til íþróttahreyfingarinnar í fyrsta lið í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bæta það tjón sem einingar innan hennar urðu fyrir vegna afleiðinga kórónuveirufaraldursins. Var þeim fjármunum ráðstafað með tveimur mismunandi aðferðum og greitt til íþróttafélaga vorið 2020, svokallaðar almennar aðgerðir, og til íþróttafélaga, deilda, sérsambanda og íþróttahéraða að hausti, svokallaðar sértækar aðgerðir.

Í lok árs 2020 samþykkti Alþingi viðbótarframlag að upphæð kr. 300 milljónir til íþróttahreyfingarinnar til úthlutunar til íþróttafélaga sem starfrækja skipulagt íþróttastarf fyrir börn og unglinga 6-18 ára. Í samningi ÍSí og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um viðbótarframlagið, sem undirritaður var 8. febrúar síðastliðinn, kemur fram að úthluta skuli framlaginu með sömu aðferð og notuð var þegar greitt var til íþróttafélaga vorið 2020 (almenn aðgerð).

Framkvæmdastjórn ÍSí leitaði til þess vinnuhóps sem skipaður var vorið 2020 í tengslum við fyrri úthlutanir á framlagi ríkisins, til að móta tillögu að skiptingu fjármuna og skilaði vinnuhópurinn af sér tillögu þann 4. mars 2021.

Nánari upplýsingar um forsendur á bakvið upphæðir og skiptingu þeirra á milli íþróttafélaga eru birtar á heimasíðu ÍSí.

Það er í höndum aðalstjórna íþróttafélaga að ráðstafa framlaginu innan síns félags til þeirra deilda/verkefna sem hafa orðið fyrir tjóni vegna Covid-19. Framlagið er ekki styrkur heldur hugsað til að koma til móts við það tjón sem hefur orðið innan íþróttahreyfingarinnar á Íslandi.

Samkvæmt samningi við ráðuneytið þarf ÍSí að upplýsa um ráðstöfun þeirra fjármuna sem um ræðir. ÍSí mun því óska eftir því að hvert íþróttafélagi upplýsi til ÍSí hvernig viðkomandi fjármunum er ráðstafað til deilda félagsins eða þá til hvaða verkefna á vegum félagsins. Jafnframt er lögð áhersla á það við íþróttafélögin að mikilvægt sé að fjármunir komist sem fyrst til þeirra deilda sem hafa orðið fyrir fjárhagstjóni vegna Covid-19.

Mars 2021

ÍBA	Fimleikafélag Akureyrar	2.074.859	19.280.195
ÍBA	Golfklúbbur Akureyrar	414.966	
ÍBA	Hestamannafélagið Léttir	425.005	
ÍBA	Hjólreiðafélag Akureyrar	87.009	
ÍBA	Hnefaleikafélag Akureyrar	73.169	
ÍBA	Íþróttafélagið Akur	204.186	
ÍBA	Íþróttafélagið Þór	4.117.488	
ÍBA	Karatefélag Akureyrar	121.997	
ÍBA	KKA Akstursíþróttafélag	50.000	
ÍBA	Knattspyrnufélag Akureyrar	8.510.324	
ÍBA	Kraftlyftingafélag Akureyrar	84.666	
ÍBA	Siglingaklúbburinn Nökkvi	382.388	
ÍBA	Skautafélag Akureyrar	989.057	
ÍBA	Skíðafélag Akureyrar	588.983	
ÍBA	Sundfélagið Óðinn	800.482	
ÍBA	Umf. Akureyrar	355.616	

Mai 2020

ÍBA	Fimleikafélag Akureyrar	2.350.793	19.504.184
ÍBA	Golfklúbbur Akureyrar	577.980	
ÍBA	Hestamannafélagið Léttir	423.404	
ÍBA	Hjólreiðafélag Akureyrar	92.658	
ÍBA	Hnefaleikafélag Akureyrar	54.996	
ÍBA	Íþróttafélagið Akur	178.620	
ÍBA	Íþróttafélagið Þór	4.760.593	
ÍBA	Karatefélag Akureyrar	94.545	
ÍBA	KKA Akstursíþróttafélag	70.567	
ÍBA	Knattspyrnufélag Akureyrar	7.828.531	
ÍBA	Kraftlyftingafélag Akureyrar	92.746	
ÍBA	Siglingaklúbburinn Nökkvi	212.401	
ÍBA	Skautafélag Akureyrar	1.101.355	
ÍBA	Skíðafélag Akureyrar	497.332	
ÍBA	Sundfélagið Óðinn	846.304	
ÍBA	Umf. Akureyrar	321.359	

Sértækar aðgerðir (1x 150millj.)

Þann 26. maí 2020 var auglýst eftir umsóknum vegna sértækra aðgerða frá sambandsaðilum og íþrótt- og ungmennafélögum sem höfðu orðið fyrir tapi eða tekjufalli vegna viðburða sem hætt var við á vormánuðum, vegna Covid-19.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) úthlutaði í september rúmlega 150 milljónum króna úr sértækum aðgerðum vegna áhrifa Covid-19, að undangengnu umsóknarferli. Úthlutunin byggir á tillögum vinnuhópsins. Alls bárust 98 umsóknir vegna sértækra aðgerða. Heildarupphæð umsókna voru tæpar 700 milljónir krónur. Það var mat vinnuhópsins að þessi úthlutun væri einungis til að mæta áhrifum vegna samkomubanns á vormánuðum þ.e. frá 1. mars til 1. júní 2020.

„Þeir aðilar sem geta sótt um í sértækar aðgerðir eru sérsambönd, héraðs- og íþróttabandalög, íþróttafélög með aðild að ÍSÍ og UMFÍ og deildir innan íþróttafélaga. Umsækjendur eru þeir sem orðið hafa fyrir tekjutapi vegna viðburða eða móta sem ákveðið hefur verið að fella niður eða breyta verulega vegna samkomubanns af völdum COVID-19 og hægt er að sýna fram á að hafi veruleg áhrif á rekstur og starf viðkomandi íþróttæiningar.“

ÍBA	Íþróttafélagið Þór - Aðalstjórn	657.794	
ÍBA	Íþróttafélagið Þór - Handknattleiksdeild	517.500	
ÍBA	Íþróttafélagið Þór - Handknattleiksdeild - Unglingaráð	816.000	5.651.444
ÍBA	Íþróttafélagið Þór - Knattspyrnudeild	3.165.900	
ÍBA	Íþróttafélagið Þór - Körfuknattleiksdeild	494.250	
ÍBA	Knattspyrnufélag Akureyrar - Aðalstjórn	235.500	
ÍBA	Knattspyrnufélag Akureyrar - Handknattleiksdeild - Yngri flokkar	1.200.000	1.600.902
ÍBA	Knattspyrnufélag Akureyrar - Knattspyrnudeild - Yngri flokkar	165.402	
ÍBA	Skíðafélag Akureyrar	1.800.000	1.800.000
ÍBA	Sundfélagið Óðinn	870.000	870.000

Þegar þetta er tekið saman liggur ekki fyrir frá ÍSÍ hvernig viðkomandi fjármunum var ráðstafað til deilda félaganna eða þá til hvaða verkefna á vegum félaganna.